

## Fréttatilkynning

**Efni:** Könnun MMR á trausti almennings til forystufólks í stjórnámálum.  
**Úrtak:** Íslendingar á aldrinum 18-67 ára  
**Dagsetning:** 16.febrúar 2009.

### Innan við þriðjungur segist bera mikið traust til forseta Íslands Flestir bera mikið traust til Jóhönnu Sigurðardóttur


Flestir, eða 58,5%, segjast bera mikið traust til Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. Þar á eftir kemur Gylfi Magnússon, viðskiptaráðherra, en 48,5% segjast bera mikið traust til hans. Næst Gylfa koma þær Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, og Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra, en þær njóta mikils trausts hjá um og yfir 41% svarenda. Aðrir sem spurt var um njóta mikils trausts hjá minna en 40% svarenda.

Athygli vekur að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, nýtur mikils traust meðal 32,5% svarenda en 37,8% segjast bera lítið traust til forsetans. Þetta er töluverð breyting frá í desember síðastliðnum þegar 43,7% kváðust bera mikið traust til forsetans og 28,7% sögðust bera lítið traust til hans.

Ef lítið er til stuðnings við stjórnarálflokka (sjá mynd á bls. 2), má sjá að Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon njóta bæði nokkuð afgerandi trausts meðal stuðningsmanna beggja stjórnarflokkanna. Leiðtogar fráfarandi ríkisstjórnar, þau Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, virðast aftur móti njóta lítills stuðnings utan sinna flokka. Gylfi Magnússon og Ragna Árnadóttir eru þeir ráðherrar sem njóta mests trausts meðal þeirra sem segjast styðja Sjálfstæðisflokkinn.

#### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög lítið“ eða „frekar/mjög mikið“-



Spurt var: Hve mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila.


Svarmöguleikar voru mjög lítið traust, frekar lítið traust, hvorki mikið né lítið traust, frekar mikið traust, mjög mikið traust og veit ekki.

Niðurstöður sýna fjölda þeirra sem svöruðu annað hvort mjög/frekar mikið eða lítið traust.

Samtals tóku 96,9% afstöðu til spurningarinnar.

### Hversu mikið eða lítið traust berð þú til eftirfarandi aðila?

-þeir sem sögðu „frekar/mjög mikið“ skipt eftir stuðningi við stjórnmálaflokka-





Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.  
laugavegi 174, 105 reykjavík, íceland  
kt: 461206-0850, vsk.nr. 92612  
tel. 354 578 5600, fax. 354 578 5619  
mmr@mmr.is, www.mmr.is

### **Upplýsingar um framkvæmd:**

Úrtak: Einstaklingar á aldrinum 18-67 ára valdir handahófskennt úr þjóðskrá

Könnunaraðferð: Síma- og netkönnun

Svarfjöldi: 971 einstaklingar

Dagsetning framkvæmdar: 11.-12. febrúar 2009

Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Þór Gylfason ([olafur@mmr.is](mailto:olafur@mmr.is) / 659 5601).

Notkun heimil svo lengi sem heimilda (vörumerkis MMR) er getið.

Allur réttur áskilinn: 2006 © Markaðs- og miðlarannsóknir ehf.

MMR starfar samkvæmt siðareglum ESOMAR, alþjóðasamtökum markaðsrannsóknafyrirtækja.